

# D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra mánudaginn 11. desember 2017 í máli

nr. S-119/2017:

**Ákærvaldið**

*(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)*

*(Auður Hörn Freysdóttir hdl., réttargæslumaður)*

**gegn**

**X**

*(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 16. október sl., er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefni 12. júní 2017, á hendur X;

„fyrir nauðgun, með því að hafa að morgni sunnudagsins 23. október 2016, að [...], haft samræði og önnur kynferðismök við [A] gegn hennar vilja, með því að stinga fingrum í leggöng hennar og hafa við hana samræði, þar sem hún lá sofandi í sófanum og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefnþrunga og ölvunar, en [A] var gestkomandi á heimili ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu [A], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.800.000, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. október 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati dómara eða samkvæmt málskostnaðarreikningi verði slíkur reikningur lagður fram auk virðisaukaskatts.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Ákærði krefst þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að krafan verði lækkuð. Loks krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ásgeirs Arnar Blöndal hdl., ásamt virðisaukaskatti.

## I.

1. Af rannsóknargögnum lögreglu verður ráðið að brotapolinn A, sem fædd er síðari hluta árs ..., hafi um nónbil miðvikudaginn 26. október 2016 leitað til V, rannsóknarlögreglumanns ..., og falast eftir upplýsingum um kærufarli vegna ætlaðs kynferðisbrots, sem hún kvaðst hafa mátt þola að morgni sunnudagsins 23. sama

mánaðar. Brotapoli upplýsti jafnframt lögreglumanninn um að hún hefði þá þegar þegið þjónustu á bráðamóttöku Sjúkrahússins ..... vegna hins ætlaða brots. Liggur fyrir að vegna þessa var brotapoli tilnefndur réttargæslumaður, en í kjölfarið, fimmtudaginn 27. október, klukkan 11:00, gaf hún formlega skýrslu hjá lögreglu, og kærði þá jafnframt ákærða í máli þessu, X, fyrir greint brot.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu voru vitnin B og C yfirheyrð um málsatvik miðvikudaginn 2. nóvember 2016. Þá var ákærði yfirheyrður um kæruefnið fimmtudaginn 3. nóvember, að viðstöddum tilnefndum verjanda sínum. Sama dag var vettvangur, í tveggja herbergja íbúð ákærða, í fjölbýlishúsi við ..., rannsakaður af lögreglu, en einnig voru ljósmyndir teknar í íbúðinni.

Nefndar framburðarskýrslur voru teknar upp með hljóði og mynd og eru viðeigandi gögn, en einnig ljósmyndir af vettvangi, á meðal málskjala.

2. Málsatvik eru samkvæmt gögnum lögreglu, en einnig skýrslum fyrir dómi, ágreiningslaus að því leyti, að aðfaranótt sunnudagsins 23. október 2016 lögðu ákærði og brotapoli leið sína á skemmtistaði í miðbæ ..., en þau voru þá bæði undir áhrifum áfengis. Ákærði var er þetta gerðist í fylgd nokkurra félaga, en á meðal þeirra var trúnaðarvinur hans, vitnið C. Í fylgd brotapola var aftur á móti nafngreind vinkona hennar. Um klukkan 4:00 nefnda nótt voru nefndir aðilar á meðal gesta skemmtistaðar við ...götu, en eftir lokun staðarins höfðust þeir við þar fyrir utan ásamt fleira fólki. Liggur fyrir að við þessar aðstæður tóku brotapoli og C tal saman, en vinskapur hafði verið með þeim um árabil. Ráðið verður að um líkt leyti hafi ákærði boðið félögum sínum til hófs í eigin íbúð við ..., og að brotapoli hafi afráðið að slást í hópinn. Í kjölfarið fóru ákærði, C og brotapoli með leigubifreið að heimili þess fyrstnefnda, en óumdeilt er að hann og brotapoli voru er atvik gerðust vel málkunnug frá fyrri tíð.

Samkvæmt gögnum stöldruðu ákærði og flestir gesta hans frekar stutt við í íbúð hans, en afréðu í þess stað, um klukkan 5:00, að leggja leið sína í annað hóf í bænum. Vitnið C og brotapoli ákváðu að halda kyrru fyrir í íbúð ákærða og höfðust þau eftir það þar ein við, nánar tiltekið í þriggja sæta útdregnum svefnsófa.

Óumdeilt er að ákærði var einn á ferð er hann kom á ný í íbúð sína eftir síðara næturpartíið. Verður helst ráðið af gögnum að þá hafi klukkan verið um 6:00 til 6:30. Við komu ákærða í íbúðina voru C og brotapoli sem fyrr í nefndum stofusófa og er óumdeilt að ákærði kom sér þar einnig fyrir, nánar tiltekið í þeim hluta hans, sem var næst stofuglugganum. Var brotapoli þannig á milli ákærða og C. Af skýrslum verður helst ráðið að eftir þetta hafi nefndir aðilar átt í einhverjum orðaskiptum, en enn fremur að C hafi fljótlega risið á fætur og í framhaldi af því farið út úr íbúðinni. Eftir þetta voru ákærði og brotapoli ein í íbúðinni og liggur fyrir að þeir atburðir gerðust þeirra í millum sem ágreiningur er um, en leiddu síðar til kæru og útgáfu ákæru máls þessa. Samkvæmt rannsóknargögnum hringdi brotapoli eftir leigubifreið mjög skömmu eftir að hún hvarf út úr íbúð ákærða, klukkan 8:26, en eftir það leitaði hún ásjar hjá vitninu B, sem ók henni á Sjúkrahúsið á .....

3. Í skýrslu Sjúkrahússins ....., um *kynferðismál/kynferðislega árás*, sem m.a. er rituð af D, forstöðulækni fæðinga- og kvenlækninga, dagsettri 23. október 2016, kemur fram að brotþoli hafi umræddan morgun óskað eftir réttarlæknisfræðilegri skoðun, klukkan 9:00.

Í skýrslu forstöðulæknisins er skráð frásögn brotþola, þ. á m. að hún hafi farið með vini inn á heimili „geranda“, að hún hafi drukkið mikið og verið ölvuð, að hún hafi orðið eftir í íbúðinni þegar vinur hennar fór heim og sofnað í stofusófa, en vaknað um klukkan 8:00 við að gerandinn hafi verið að káfa á kynfærum hennar og brjóstum, að hún hafi þá reynt að; „*yta frá sér en sofnaði og fraus.*“ Nánar er haft eftir brotþola um atburðarásina í skýrslunni: „*Hann náði að draga af henni nærbuxur og leggings. Hann hafði samfarir fyrst á hlið en ýtti henni síðan á kviðinn, hélt henni niðri, hafði samfarir við hana í leggöng aftan frá. Hafði sáðlát. Á eftir var hún algerlega dofín. Klæddi sig, pantaði leigubil og fór heim.*“

Í nefndri skýrslu er hakað við atriði sem eru forskráð á tiltekið eyðublað og þá samkvæmt frásögn brotþola um hið ætlaða brot. Er þannig hakað við að kynmökin hafi verið um leggöng, að snerting hafi verið með getnaðarlim, að káfað hafi verið á kynfærum, brjóstum og rassi, að fingur hafi verið settur í leggöng, að sáðlát hafi verið um leggöng og að smokkur hafi ekki verið notaður. Einnig er hakað við að kynmökin hafi ekki verið um endaparm.

Í skýrslu læknisins er skráð að föt brotþola hafi ekki verið rifin og að hin umbeðna læknisskoðun hafi farið fram klukkan 10:30. Um ástand brotþola segir nánar: „*Mikil vanlíðan og grætur. Mikið áfall. Allt óraunverulegt. Vildi helst vera dái en segir að það verði í lagi með sig hjá foreldrum sínum.*“ Og um svonefnd kreppuviðbrögð brotþola segir í skýrslunni: „*Í losti, með óraunveruleikakennd, óskýr frásögn, eirðarlaus og óróleg, grátköst og óttaslegin, skjálfti, hrollur og magaverkir.*“

Í niðurstöðuorðum í skýrslu læknisins segir um fyrrnefnda læknisskoðun: „*Kemur mjög fljótlega eftir atburð. Er í áfalli og grætur. Er samvinnuþýð en frásögn ruglingsleg á köflum. Ekki finnast áverkar en þó roði í leggangaopi að aftan, passar við frásögn. Ekki grunur um þvingaða lyfjatöku. Tekin voru sýni úr leggöngum til DNA til rannsóknar. Ekki sáust sæðisfrumur í smásjá. Er á getnaðarvörn og síðast kynmök 1 sólarhring áður. Teknar ræktanir og tvær zitromaz töflur til forvarna. Engir áverkar til meðhöndlunar og ekkert vottorð. Hún fer heim með foreldrum og íhugar hvort hún hefur samband við lögreglu. Félagsráðgjafi ... mun verða í sambandi við hana.*“

Áverkum á kynfærum brotþola er nánar lýst í skýrslunni, þ. á m. með áritun á teikningum. Er áréttað að um roða hafi verið að ræða; „... þó ekki rof á yfirborði, ekki blæðing.“

4. Samkvæmt sérfræðigögnum voru tekin blóð- og þvagsýni úr brotþola á meðan á sjúkrahúsdvöl hennar stóð umræddan morgun, klukkan 09:25, 09:30 og 10:30. Af hálfu lögreglu voru sýnin send Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði

við Háskóla Íslands og þá með tilliti til rannsóknar á magni alkóhóls og annarra vímuefna.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofunnar, sem dagsett er 24. nóvember 2016, reyndist alkóhól í blóðsýnunum annars vegar 0,87‰ og hins vegar 0,70‰. Þá reyndist alkóhól í þvagsýninu 1,26‰. Tekið er fram að ólögleg fikniefni hafi ekki verið í mælanlegu magni í sýnunum. Að beiðni lögreglu létu sérfræðingar Rannsóknastofunnar í ljós álit á áætluðu áfengismagni hjá brotþola um klukkan 7:00 þann 23. október 2016. Segir um það álitaeftir í matsgerðinni:

*„Niðurstöður mælinga í blóði og þvagi sýna að hlutadeigandi hefur verið undir áhrifum áfengis, þegar sýnin voru tekin. Niðurstöður mælinganna benda til þess að styrkur etanóls í blóðinu hafi verið fallandi á þeim tíma, það styður niðurstöðu úr síðara blóðsýninu. Hlutfall milli þvags og blóðs er 1,45, sem bendir einnig til þess að nokkur tími hafi liðið frá því að hluteigandi neytti áfengis síðast. Brotthvarfshraði úr blóðinu er 0,17‰ /klst. Samkvæmt því hefur etanólstyrkur verið um 1,1‰ klukkan 07:00 að því gefnu að drykkju hafi að mestu verið lokið upp úr klukkan 06:00 þennan morgun.“*

5. Ágreiningslaust er að brotþoli var í fésbókarsamskiptum við ákærða mánudagskvöldið 24. október 2016, en samkvæmt staðfestri útskrift ritaði brotþoli svofelld skilaboð til hans klukkan 23:09: „*Attar þú þig á því hvað þú gerðir?*“ Ákærði svarar klukkan 23:28: „*Veit ekki alveg hverju þú vilt að ég svari.*“ Brotþoli ritar: „*Bara sannleikanum.*“ Ákærði svarar: „*Fyrst að þú ert að spurja er ég skíthræddur um að hafa misskilið eitthvað, enda ekki í sérstöku ástandi.*“ Brotþoli ritar: „*Ég sé ekki alveg hvað er að misskilja þar sem ég var sofandi og vaknaði við þig og sagði hættu og nei.*“ Ákærði svarar: „*Ég er ekki á sömu blaðsíðu, það var boðið þér þrisvar að fara í taxa heim og allskonar, og þegar ég lagðist í sófann hallaðirðu þér frá [C] og yfir til mín, og hefði ég heyrt hættu hefði ég gert það, mér finnst alveg ömurlegt að heyra þetta og get lítið gert nema beðist innilegrar afsökunar og finnst hundleiðinlegt að heyra þetta ... er ónýtur að innan.*“

Fyrir liggur að brotþoli var einnig í fésbókarsamskiptum við vitnið C miðvikudaginn 26. október nefnt ár, en samkvæmt staðfestri útskrift ritar brotþoli til vitnisins svohljóðandi skilaboð: „*Hæ, þarna í eftirpartýinu ég var sofandi þegar þú fórst er það ekki?*“ Vitnið svarar: „*Blessuð, þú svafst eins og grjót ... hvað ertu að spá? Gerðist eitthvað eftir að ég fór?*“ Brotþoli ritar: „*Fyrirgefðu en ég bara treysti mér ekki í að tala um þetta núna.*“ Vitnið ritar: „*Allt í góðu ... er í lagi með þig samt?*“ Brotþoli svarar: „*Ég get nú ekki sagt það.*“

6. Rannsóknargögn lögreglu voru send héraðssaksóknara 2. desember 2016, en í framhaldi af því var gefin út ádurrakin ákæra. Málið var þingfest 28. júní sl.

Við meðferð málsins fyrir dómi voru m.a. lögð fram vottorð um óvinnufærni brotþola frá 25. október 2016 til 7. febrúar 2017, en einnig ótímabundið vottorð heilbrigðisstarfsmanna um óvinnufærni hennar frá 19. nóvember 2016. Þá voru lögð fyrir dóminn sálfræðivottorð um brotþola og

ákærða.

7. E, sálfræðingur á göngudeild geðdeildar Sjúkrahússins ....., ritaði vottorð um brotþola, sem dagsett er 23. júní 2017, að beiðni réttargæslumanns um; „... sálrænnar afleiðingar kynferðisbrots, sem hún varð fyrir og þær greiningar sem hún var með.“

Í upphafsorðum vottorðsins segir frá því, að eftir að brotþoli kom á Sjúkrahúsið á ....., þann 23. október 2016, hafi mál hennar farið í farveg neyðarmóttöku nauðgana. Hafi brotþola m.a. tvívegis verið vísað til félagsráðgjafa, en síðan til meðferðar hjá nefndum sálfræðingi. Greint er frá því að brotþoli hafi verið í sálfræðimeðferð frá 11. nóvember 2016 til 23. júní 2017, og á því tímabili farið í ellefu viðtöl. Greint er frá því að á nefndu tímabili hafi brotþoli að auki verið til meðferðar á ....., og að þá hafi hún fengið svohljóðandi greiningu: *Endurtekin geðlægdarröskun, yfirstandandi lota alvarleg án geðrofseinkenna. Streituröskun eftir áfall.*

Í vottorðinu greinir sálfræðingurinn frá því að brotþoli hafi í tvígang farið í greiningarviðtöl, við upphaf og lok meðferðar, en að auki hafi í meðferðinni verið notaðir svokallaðir sjálfsmatskvarðar til að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurð, kvíða og streitu ásamt svefnvanda brotþola. Loks hafi verið gert sálfræðilegt mat á brotþola.

Í vottorðinu segir frá því að brotþoli hafi .... Einnig er staðhæft að brotþoli hafi náð góðum námsárangri ..... og að hún hafi verið virk í félagslífi og í starfi.

Í vottorðinu segir að við upphaf sálfræðimeðferðar brotþola, á haustdögum 2016, hafi hún uppfyllt greiningarviðmið fyrir áfallastreituröskun án hugrofseinkenna. Fullyrt er að þessi einkenni, sem nánar er lýst, hafi flest verið yfir mörkum og enn fremur hafi styrkleiki margra þeirra verið mikill. Tekið er fram að brotþoli hafi tengt öll einkennin við hið ætlaða kynferðisbrot, þar sem þau hafi ekki verið til staðar áður. Þá er staðhæft að við upphaf meðferðarinnar hafi brotþoli verið með alvarleg þunglyndiseinkenni, þ. á m. sjálfsvígshugsanir. Að auki hafi hún verið haldin kvíða og vanlíðan, en hafi einnig átt við mikla svefnerfiðleika að stríða. Greint er frá því að við endurmat í júnímánuði 2017 hafi nefnd einkenni verið viðuráðanlegri, en að brotþoli hafi þrátt fyrir það enn uppfyllt greiningarviðmið áfallastreituröskunar og af þeim sökum haft þörf fyrir áframhaldandi sálfræðimeðferð. Lokaorðin í vottorðinu eru svohljóðandi:

*„Að mati undirritaðrar er ljóst að kynferðisbrot það sem [A] varð fyrir í október á síðasta ári hafði mjög mikil og slæm áhrif á líðan hennar. Þrátt fyrir að hún hafi áður upplifað þunglyndistímabil þá hafi hún átt það langan og góðan tíma án slíkra einkenna áður en brotið átti sér stað og einkenni hefjast það stuttu eftir brotið, að undirrituð telur engan vafa á því að þunglyndi, kvíði og sjálfsvígshugsanir [A] nú í vetur eru beintengd þessu broti. Engin fyrri saga er um áfallastreituröskun og því ekki hægt að tengja hana öðru en kynferðisbrotinu nú í vetur. Einkenni [A] eru enn mjög alvarleg, krefjast áframhaldandi meðferðar og hafa haft töluverð áhrif á líf hennar eins og veikindaleyfi frá vinnu og ....námi bera*

*vitni um. Áfallið hefur einnig haft áhrif á sjálfsmat [A] sem er mun neikvæðara en áður og mun líklega einnig þurfa viðtalsmeðferð til að vinna með það.“*

Í sálfræðivottorði F um ákærða, sem dagsett er 21. september 2017, sbr. að því leyti skýrslu hans fyrir dómi, segir að ákærði hafi fyrst þegið sálfræðimeðferð þann 23. mars 2017. Tekið er fram að tilefni meðferðarinnar hafi verið mikil andleg vanlíðun ákærða vegna kæru og síðar ákærumeðferðar þessa máls. Er í því sambandi m.a. bent á að ákærða hafi verið gert að taka tímabundið leyfi frá vinnu, sem ekki hafi verið afturkallað.

Í vottorðinu er greint frá því að samkvæmt þremur sjálfsmatskvörðum hafi ákærði verið með alvarleg einkenni þunglyndis, en að auki hafi hann verið með lágt sjálfsmat og verið haldinn kvíða. Einnig segir að ákærði hafi um tíma einangrast frá eigin fjölskyldu og vinum, en því til viðbótar hafi hann fundið fyrir mikilli skömm, reiði og tilfinningalegum doða vegna lýstra aðstæðna.

Í vottorðinu er staðhæft að ákærði hafi tekið sálfræðimeðferðinni vel. Þar um er vísað til þess að samkvæmt matslista í lok maí 2017 hafi verulega dregið úr þunglyndiseinkennum hans og hafi þau verið töluvert innan eðlilegra marka.

## II.

Ákærði neitaði sök við aðalmeðferð máls þessa, líkt og hann hafði áður gert við þingfestingu, en einnig við yfirheyrslu hjá lögreglu. Jafnframt hafnaði ákærði einkaréttarkröfu brotaþola.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því að er atvik máls þessa gerðust hafi verið kunningssskapur með honum og brotaþola, þar sem hún hefði um nokkurra ára skeið umgengist vinahóp hans.

Að því er varðaði atvik máls aðfaranótt 23. október 2016 greindi ákærði frá atburðarásinni með líkum hætti og hann hafði áður gert við yfirheyrslu hjá lögreglu. Hann kvaðst nefnda nótt hafa verið að skemmta sér í miðbæ ... ásamt vinum og félögum og hafi neytt áfengis, drukkið um 5-6 litla bjóra, en undir morguninn bætt við 1-2 bjórum. Hann kvaðst fyrst hafa séð til brotaþola eftir lokun tiltekins skemmtistaðar í ...götu og bar að þau hefðu þá talast við; „... *ekkert mikið en hún hrósaði mér fyrir fatnaðinn minn, eitthvað smá spjall.*“ Við nefndar aðstæður kvaðst hann hafa heyrt brotaþola spyrjast fyrir um hvort að hún mætti kom með þeim félögum á heimili hans í eftirpartí og bar að það hefði síðar gengið eftir. Ákærði sagði að á þessu tímaskeiði hefði hann ekki veitt athygli sérstökum ölvunareinkennum á brotaþola og þá ekki heldur eftir að hún var komin í íbúð hans, en þar kvað hann þau hafa spjallað saman í „*einhverjar mínútur.*“

Ákærði kvaðst ekki fyllilega minnst þess hve lengi hann dvaldi í eigin íbúð áður en hann fór ásamt félögum í seinna eftirpartí, en ætlaði að það hefði verið um klukkan 5:00. Ákærði bar að allir gestir hans hefðu yfirgefið íbúðina vegna þessa, en þó að frátöldum áðurnefndum vini hans, C, og brotaþola, sem hefðu afráðið halda kyrru fyrir. Ákærði sagði að engar áfengisveigar hefðu verið á heimili hans umrædda nótt, en eitthvað af hassefni.

Ákærði staðhæfði að C hefði rætt við hann í síma eftir að hann var kominn í síðara eftirpartíið og þá í þeim tilgangi að fá leyfi hans til þess að nota fyrrgreint hassefni. Ákærði minntist þess að efnið hafi verið uppurið þegar hann kom á heimili sitt á ný þá um morguninn, á tímabilinu frá klukkan 6:00 til 6:30.

Ákærði greindi frá því að við komu hans í íbúðina hefðu C og brotápoli legið fyrir, fullklædd, í þriggja sæta svefnsófanum í stofuhluta íbúðarinnar. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnast þess hvort að þá hefði verið dimmt í íbúðinni, hvort nefndir aðilar hafi haft um sig sæng eða teppi eða hvort kveikt hefði verið á sjónvarpinu í stofunni. Ákærði staðhæfði að brotápoli hefði vaknað við þessar aðstæður, en hann kvaðst hafa lagst við hlið hennar í sófanum, í þann hlutann, sem var næst stofuglugganum. Hann kvað brotáþola þannig hafa verið í miðstæði sófans, en C verið næst forstofuhurðinni. Ákærði lýsti viðbrögðum brotáþola eftir að hann hafði komið sér fyrir í sófanum þannig: „... *hún hallaði sér til mín og [C] vaknar.*“ Ákærði sagði að eftir þetta hefði C risið á fætur, en í framhaldi af því hringt eftir leigubifreið. Var það ætlan ákærða að C hefði farið út úr íbúðinni innan við 5 mínútum eftir komu hans. Aðspurður kvaðst ákærði ekki minnast þess að fyrir brottför C hefði komið til tals að brotápoli færi með honum í leigubifreiðinni, en sagði: „... *það var búið að bjóði henni far tvisvar þrisvar þarna fyrr um kvöldið þegar voru að fara leigubílar.*“ Aðspurður um ástand brotáþola við brottför C sagði ákærði: „... *ég man ekki hvort að hún hafi verið sofandi þegar hann fer ... ég man ekki eftir því hvort að hún var með lokuð augun eða ekki þegar [C] fór ... en allar okkar samræður fóru okkar á milli eftir að hann fór, þannig að hún er vakandi þá og virtist í samræðishæfu ástandi.*“ Ákærði bar að brotápoli hefði haldið kyrru fyrir í sófanum, en lýsti athöfnum hennar nánar þannig: „... *hún var með símann sinn að leita sér að fari, ... reyna að hringja eða að senda skilaboð ... held ég já og hún var með símann á lofti ... þar sem hún lá í sófanum. Ég sá að það gekk erfðlega að reyna að finna far þannig að ég bauð henni gistingu, og hún sagði já ... og ég bauð henni að fara inn í rúm vegna þess að ég ætlaði að kveikja á sjónvarpinu við sófann, hún vildi ekki fara inn í rúm.*“ Ákærði ætlaði helst að brotápoli hefði notað eigin síma nær stöðugt frá því að hún kom fyrst í íbúð hans og bar að það hefði hún einnig gert eftir að hann kom í íbúðina eftir veru í seinna eftirpartíinu.

Ákærði áréttaði að hann hefði átt orðaskipti við brotáþola eftir að C hafði yfirgefið íbúðina og staðhæfði að þau samskipti hefðu verið á eðlilegum nótum. Vísaði ákærði til þess að þau hefðu m.a. skipst á upplýsingum um hvað á daga þeirra hefði drifið þau ár sem þau hefðu ekki talast við og enn fremur um hvað þau hefðu fyrir stafni þá stundina. Ákærði kvaðst m.a. hafa gert brotáþola grein fyrir því hversu ánægður hann væri í eigin starfi, en sagði: „... *en ég man ekki hvað lengi þær samræður stóðu yfir.*“ Ákærði sagði að í þessum samræðum hefði kynlíf ekki komið til tals, en að auki hefðu engin orð fallið þeirra í millum, sem vísað hafi til gagnkvæmrar hrifningar. Ákærði bar að ekki hefði heldur verið um gagnkvæm atlot að ræða, en hann lýsti samskiptunum nánar þannig: „... *við vorum alla veganna búin að eiga bara skemmtilegar samræður þarna ... mér fannst hún*

*spennandi ...*“ Ákærði bar að brotapolí hefði í fyrstu snúið höfði sínu að honum og verið með opin augun, en þegar hér var komið sögu hafi hann litið svo á að brotapolí hefði sýnt honum smá áhuga. Þar um vísaði hann til áðurrakinna orða hennar í miðbænum fyrr um nóttina, til gjörða og athafnaleysis hennar eftir að hann lagðist við hlið hennar í sófanum, og þegar hún hafnaði boði hans um að fara inn í herbergi hans og sofa þar.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði fyrst viðhaft kynferðisatlot gagnvart brotapolá fáeinum mínútum eftir að C hafði horfið á braut og bar að þau hefðu hafist „... upp úr þessum samræðum.“ Ákærði áréttaði að aðstæður hefðu þá verið með áðurgreindum hætti. Þannig hefði brotapolí legið á hliðinni í sófanum og „svona hálfpartinn snúið baki í hann, en með höfuðið uppi.“ Af þessum sökum kvaðst ákærði hafa séð andlit brotapolá og jafnframt séð að augu hennar voru opin. Ákærði staðhæfði að það sem á eftir fór hefðu þau gert í sameiningu, enda þótt frumkvæðið hefði frekar verið hjá honum. Ákærði kvaðst við greindar aðstæður hafa farið með hönd sína inn fyrir fót brotapolá og í hita leiksins niður á kynfæri hennar. Ákærði staðhæfði að þegar þetta gerðist hefðu þau enn verið að ræða saman. Ákærði kvaðst ekki minnast annarra viðbragða af hálfu brotapolá en að hún hefði stunið við atlot hans og þar á meðal er hann hefði farið með fingur sína inn í leggöng hennar og sagði: „Þegar ég geri þetta, þá er hún, hún byrjar að stynja, hallar sér á hliðina og byrjar að nudda rassinum í mig, það eru viðbrögðin, já.“ Ákærði kvaðst hafa tekið þessum viðbrögðum brotapolá þannig að hún hafi verið að samþykkja kynmök og þá með hliðsjón af aðstæðum og því sem áður hafði gerst þeirra í millum, en hann orðaði hugrenningar sínar á greindri stundu nánar þannig: „Þegar stelpur hafa snúið rassinum að mér og ýtt honum svona í mig þá hefur það hingað til bara gilt sem samþykki.“ Að þessu leyti leiðrétti ákærði frásögn sína við yfirheyrslu hjá lögreglu þar sem hann hafði skýrt frá því að brotapolí hefði hvorki brugðist við í orðum eða verki við lýstum þreifingum hans og hinum fyrstu kynlífsathöfnum. Nánar aðspurður fyrir dómi um viðbrögð brotapolá við lýstum gjörðum hans sagði ákærði: „Ég man ekki alveg hvernig þetta var, ... en hún tók því bara ágætlega held ég ...“ Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði ekki minnast þess hvort brotapolí hefði svarað atlotum hans með öðrum hætti en áður sagði. Ákærði kvaðst heldur ekki minnast þess hvort hann hefði þreifað á brjóstum brotapolá, en staðhæfði aftur á móti að hann hefði fært hana úr fötum að neðanverðu, en bar að hún hefði þá snúið höfði sínu frá honum.

Ákærði staðhæfði að brotapolí hefði aldrei andmælt gjörðum hans með orðum, þ. á m. með því að segja „nei“ eða „hættu“ og þá ekki heldur varðandi það sem á eftir fór þeirra í millum. Aðspurður kvaðst ákærði ætla að brotapolí hefði heldur ekkert aðstoðað hann við verkið, þ. á m. þegar hann hefði fært fót hennar til, en hann kvaðst í beinu framhaldi af því hafa hafið samfarir við hana aftan frá og þá með því að setja lim sinn í leggöng hennar. Ákærði staðhæfði að eftir þetta hefði brotapolí, miðað við hreyfingar og stunur, tekið fullan þátt í samförunum, og vísaði til þess að hún hefði sjálf farið á fjóra fætur og hann með því móti haldið samförunum áfram. Ákærði kvaðst ekki minnast þess hversu lengi samfarir þeirra

stóðu, en hann kvaðst a.m.k. ekki hafa fengið sáðlát, enda ákveðið að hætta áður en að því kom þar sem hann hefði ekki verið með smokk.

Ákærði skýrði frá því að eftir að samræðinu lauk hefði hann legið við hlið brotþola í sófanum. Hann sagði að hvorugt þeirra hefði mælt orð frá vörum, en bar að brotþoli hefði eftir smástund staðið upp, klætt sig í fót sín, en síðan farið út úr íbúð hans og án þess að kasta á hann kveðju. Ákærði ætlaði að þá hefði klukkan verið á milli 7:00 og 8:00. Ákærði kvað sér hafa fundist þetta síðasta háttalag brotþola frekar skrítið þar sem hann hefði áður verið búinn að bjóða henni gistingu, en vísaði þó til þess að þau hefðu aldrei áður haft samfarir. Ákærði bar að þegar hér var komið sögu hefði hann fundið til þreytu, en því til viðbótar ekki verið í sérstöku ástandi vegna næturskemmtunarinnar. Hann kvaðst því hafa sofnað.

Fyrir dómi kvaðst ákærði engar skýringar hafa á ástandi brotþola eftir að hún fór út úr íbúð hans umræddan morgun og þá m.a. í ljósi áðurrakinna sérfræðigagna, en vísaði þó til þeirra hugrenninga sem hann hefði fengið eftir áðurrakin samskipti þeirra á netinu, sbr. það sem segir hér að neðan.

Fyrir dómi staðfesti ákærði efni áðurrakinna fésbókarsamskipta við brotþola. Ákærði bar að samskiptin hefðu átt sér stað eftir að hann hafði unnið fullan vinnudag og hann því verið töluvert þreyttur. Vegna þessa kvaðst hann í fyrstu ekki fyllilega hafa áttað sig á efni boðanna, en við nánari athugun hugleitt það hvort brotþoli hefði verið búin að reykja of mikið „*gras eða drekka of mikinn bjór*“ umrædda nótt og þá enn fremur hvort hún hefði fengið „*einhverja paranoju* ...“ Ákærði kvaðst m.ö.o. hafa verið ósamþykkur efni skilaboðanna og vísaði til áðurlýstrar atburðarásar og eigin frásagnar. Ákærði kvaðst því í raun ekki hafa talið sig þurfa að biðja brotþola afsökunar, en engu að síður fundist skilaboðin óþægileg og þá vegna vanlíðunar brotþola.

Fyrir dómi greindi brotþolinn, A, frá því að síðustu helgina í októbermánuði 2016 hefði hún ..... verið einn af skipuleggjendum ....skemmtunar á .... Samhliða þessu verkefni kvaðst hún hafi verið í hlutastarfi og af þeim sökum verið í næturvinnu aðfaranótt föstudagsins 21. október nefnt ár. Þá um kvöldið og aðfaranótt laugadagsins 22. október kvaðst hún hafa tekið þátt í nefndri skemmtun og þá „*djammað*“ og neytt áfengis. Brotþoli skýrði frá því að á þessu tímasteiði hefði hún verið að hitta strák og bar að þau hefðu sofíð saman í ....íbúð hennar í fjölbýlishúsi við ..... umrædda nótt. Vegna næturskemmtunarinnar kvaðst hún hafa vaknað um hádegisbilið á laugardeginum, en haft hægt um sig fram eftir degi. Þá um kvöldið kvað hún m.a. nafngreinda vinkonu sína hafa komið í heimsókn og bar að þær hefðu undirbúið sig fyrir áframhaldandi skemmtanahald og m.a neytt léttvíns. Hún kvað samstúdent þeirra, vitnið B hafa ekið þeim í miðbæinn um klukkan 1:00 þá um nóttina, þar sem þær hefðu í fyrstu haldið til á skemmtistað þar sem nefnd háskólaskemmtun var haldin. Í framhaldi af því kvað hún þær hafa farið á skemmtistað við ..., en að lokum hafi þær farið á skemmtistað við ...götu, þar sem þær hafi haldið til í u.þ.b. klukkustund eða þar til staðnum var lokað. Brotþoli kvaðst hafa neytt áfengra drykkja á nefndum skemmtistöðum, bæði sterkra og

veikra, og af þeim sökum orðið ölvuð.

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði fyrst séð til vitnisins C og ákærða er hún var á dansgólfi síðastnefnda skemmtistaðarins. Eftir lokum staðarins um kl. 4:00 kvað hún marga gesti hafa dvalið þar fyrir utan og við þær aðstæður hefði hún fyrst tekið nefnda karlmenn tali.

Brotapoli skýrði frá því að er atvik máls gerðust hefði hún ekki hitt ákærða og vitnið C um langa hríð, en bar að allt frá framhaldsskólaárum þeirra hefði verið með þeim vina- og kunningjasamband. Hún kvaðst þó hafa þekkt C betur en ákærða og vísaði til þess að þau hefðu um sex árum fyrr verið að hittast, en staðhæfði að með árunum hefði fyrnst yfir venskapinn og þá ekki síst við ákærða og bar að engin samskipti hefðu verið með þeim tveimur í eitt til tvö ár.

Brotapoli greindi frá því að nefndar samræður hefðu þróast á þann veg að hún hefði ákveðið að þiggja boð vitnisins C og ákærða um að fara með þeim í eftirpartí í íbúð þess síðarnefnda. Hún kvaðst hafa haft orð á því í leigubifreið með þeim félögum að hún ætti bjór á heimili sínu, sem þau gætu tekið með í partíið, en bar að þegar til hafi komið hefði þessi erindisrekstur farist fyrir. Af þessum sökum kvaðst hún ekki hafa neytt frekara áfengis þessa nótt.

Brotapoli skýrði frá því að nokkur hópur gesta hefði verið í partíinu á heimili ákærða, nánar tiltekið í íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi við ... . Hún sagði að eftir tiltölulega skamma viðveru hefðu flestir og þar á meðal ákærði afráðið að fara í annað eftirpartí. Á þeirri stundu kvaðst brotapoli hafa hugleitt að halda heim á leið, en þegar C hefði ákveðið að halda kyrru fyrir í íbúðinni hefði hún ákveðið að gera það líka. Hún kvaðst því aðeins hafa farið að forstofuhluta íbúðarinnar, en þá snúið við, og þá til að ræða frekar við C.

Brotapoli kvaðst hafa verið ein með vitninu C í íbúðinni í u.þ.b. klukkustund og bar að þau hefðu hafst við í stofusófa, spjallað heilmikið, horft á sjónvarp, en að auki reykt „gras“, sem verið hafi á glámbekk á borði við sófann. Vegna ókunnugleika kvaðst hún í raun hafa reykt lítið af efninu, en engu að síður fundið til vímuáhrifa; „... *fann alveg að maður sljóvgaðist ... og ég var náttúrulega drukkin.*“

Brotapoli kvaðst hafa verið þétt við hlið C í sófanum og þá í þeim hluta hans sem var næst forstofuhurðinni. Við nefndar aðstæður og eftir um það bil hálftrar klukkustundar viðveru kvaðst hún hafa sofnað líkt og C, en bar að þau hefðu bæði vaknað þegar ákærði kom í íbúðina og kastaði á þau kveðju. Hún lýsti aðstæðum á þeirri stundu nánar þannig: „... *það var aðeins farið að birta ... þá er klukkan 6:30 eða eitthvað ...*“ Eftir komu ákærða kvaðst hún hafa haldið kyrru fyrir í sófanum og sagði: „... *maður svona hálf liggur og hálf situr og með höfuðið niðri á bringunni.*“ Brotapoli bar að eftir þetta hefðu þau þrjú „*eitthvað rætt aðeins saman, ... eitthvað þínu orðaskipti, sem ég man svo sem ekkert mikið um hver voru.*“ Hún sagði að eftir að ákærði kom í íbúðina hefði ákærði strax sest í sófann við hlið hennar, næst glugganum, og staðhæfði að þá hefði enn verið kveikt á sjónvarpinu. Hún kvaðst þannig hafa verið á milli ákærða og C í sófanum og bar að við þær aðstæður hefði ákærði komið við læri hennar með hendi sinni, en hún þá

brugðist við með því að ýta honum frá sér og sagði: „Ef eitthvað hefði verið milli einhvers þá var ég þarna eins og, sko, ég hef alltaf verið miklu hrifnari af [C], ... ekkert miklu, ... ég hef bara aldrei haft neinn áhuga á (ákærða), og eins og hann veit alveg að ég hef haft áhuga á [C] og þannig þekki ég nú hann, við vorum einu sinni að hittast.“

Brotapoli sagði að við nefndar aðstæður hefði ákærði m.a. greint frá því hverjir hefðu verið með honum í eftirpartínu, en að auki kvað hún almenn orð hafa fallið á milli þeirra allra, þ. á m. um hvað þau væru að gera þá stundina í lífinu, en sagði einnig: „... ég man sko þarna ... af því að ég sé að klukkan var orðin svo margt og við höfðum sofnað, að ég hafði orð á því að ég ætlaði að fara að koma mér heim.“ Vegna þessa kvaðst hún hafa hringt í síma vitnisins B, en einnig í síma vinar síns G, en bar að hvorugur þeirra hefði svarað. Aðspurð kvaðst brotapoli ekki minnst þess að orð hefðu fallið um að hún færi með C þegar hann hringdi eftir leigubifreið, en staðhæfði aftur á móti að áður en ákærði kom í íbúðina hefði hún og C bæði haft orð á því að þau þyrftu að fara að koma sér heim. Þá staðhæfði hún að í tengslum við fyrrgreind orð hennar um fyrirætlun um heimferð hefði ákærði sagt: „Slakaðu bara á, þú mátt alveg sofna bara hérna, ... rúmið er laust inni ... ég skutla þér bara heim á morgun, skiptir engu máli.“ Hún kvaðst hafa jánkað þessum orðum, en bar að í raun hefði ekki verið um eiginlegt samtal að ræða, aðeins þessi eina setning ákærða, og þá í tengslum við vilja hennar til þess að halda heim og þegar hún hefði verið að reyna að láta ná í sig með greindum símhringingum.

Brotapoli staðhæfði að það hefði ekki verið ætlan hennar að sofa í íbúð ákærða, en hún lýsti eigin ástandi er hér var komið sögu þannig: „... ég náttúrulega var mjög drukkinn, og svo bara eiginlega líð ég út af og sofna.“ Hún kvaðst í svefnrofunum hafa heyrt C kasta kveðju sinni, en síðan heyrt að „... hurðin lokast og ég bara held áfram að sofa ... ég er sofandi þegar [C] fer.“

Brotapoli staðhæfði að eftir brottför C úr íbúðinni hefði hún ekki átt í neinum samskiptum við ákærða. Þar um vísaði hún til áðurlýsts ástands síns og andmælti alfarið andstæðum og áðurröktum framburði ákærða fyrir dómi. Og nánar aðspurð kvaðst hún aldrei hafa orðið þess áskynja að ákærði sýndi henni kynferðislegan áhuga, en áréttaði að hún hefði haldið sömu stöðu í sófanum eftir að C hvarf úr íbúðinni og jafnframt haldið áfram að sofa. Brotapoli andmælti og alfarið frásögn ákærða um að hún hefði við lýstar aðstæður nuddað rassinum upp að líkama hans, þar sem þau lágu saman í sófanum. Hún greindi frá atvikum, þ. á m. gjörðum ákærða og eigin viðbrögðum eftir þetta þannig: „Næsta sem ég veit er að ég vakna við, að hann (ákærði) sé með höndina inn á mér ... ég lá svona í miðjum sófanum og var með sæng yfir mér og lá á bakinu og hann var þarna við hliðina held ég bara, ég var svo sem bara sofandi áður, en það gerðist þannig að ég veit ekki, en þegar ég sofnaði, þá sátum við öll þrjú í sófanum sko. Og það hafði ekki verið neitt, hvorki milli mín og [C], né mín og (ákærða), það var ekki búíð að vera neitt svona kynferðislegt í gangi, þannig að þetta var bara voðalega chillað bara þarna. Ég var í kjól ... en ég vaknaði bara við það ... að hann er með puttana inn á mér og ég hugsa hvað er að gerast ... sagði við hann; „Hvað ertu að gera?“, en þá bara

stakk hann puttanum inn í mig og hélt mér svona niðri með hendinni, þar sem ég lá á bakinu.“ Aðspurð kvaðst brotápoli ætla að ákærði hafi heyrt andmæli hennar, en bar að hann hefði engu svarað og sagði: „... hann horfði bara á mig og ég bara, mér fannst bara eins og ég hefði frosið eða hálf lamast ... í hræðslu eða sjokki ... og ég bara hugsaði hvað er að gerast eiginlega ... og hann sagði ekki neitt.“ Nánar aðspurð kvaðst brotápoli ekki minnst þess að hafa horft framan í eða séð augu ákærða þegar hann hóf greint athæfi. Í þessu sambandi áréttaði brotápoli eigið svefn- og vímuástand svo og fyrrgreindan sljóleika. Þá kvaðst hún aldrei hafa afklæðst eigin fötum, þ. á m. kjólnum, en lýsti athæfi ákærða nánar þannig: „Þá hérna snéri hann mér ... ýtir mér svona á hliðina og tók niður um mig buxurnar og brókina og eitthvað eða ég var í svona leggings og ... þá bara finn ég að hann heldur í typpið á sér, og ég áttaði mig á því að hann var farinn úr fötunum ... en ég snerti hann aldrei ... og hann bara byrjar að nauðga mér, ... þá ríður hann mér (um leggöng) á hliðinni, og það er eitthvað smá stund, og ég sagði einu sinni bara hættu, en mér fannst ég ekkert geta hreyft mig eða neitt, ég hafði engan mátt. Og svo ýtti hann mér yfir á magann og hélt hausnum ... niður, en sófinn var þannig að andlitið á mér fór svona á milli efri púðana og neðri pullunnar og ... fæturnir voru svona aðeins út fyrir ... mér fannst ég eiginlega ekki geta andað.“ Brotápoli áréttaði að hún hefði ekki sjálfviljug komið sér í nefndar stellingar, en framhaldinu lýsti hún þannig: „... ég man að þá sagði ég ... hálf öskraði; Nei, nei, þegar hann líka byrjaði að fara, ætla að fara í rassinn á mér ... þegar ég fann það ..., og það var ógeðslega vont allt saman.“ Brotápoli bar að ákærði hefði hætt við þessa síðustu athöfn eftir neitun hennar, en sagði síðan: „... og svo bara tók þetta einhvern smá tíma og ég held að hann hafi bara klárað sig af og svo fór hann af mér og lagðist svo við hliðina á mér í sófann, þar sem hann sat áður ... og ég lá bara þarna eftir ... á maganum ..., ég veit ekki, maður svo sem áttar sig ekki alveg á tímanum, en það voru örugglega bara nokkrar mínútur, þá lá ég bara alveg kjurr eins og ég var, en svo stóð ég upp og hysjaði upp um mig. Hann sat í sófanum og ég þurfti sko að fara svona, teygja mig yfir til þess að taka töskuna mína ... úr gluggakistunni og ég hélt á skónum mínum bara og labbaði beint út, og mér fannst ... ég bara alveg vera vakandi á þessum tímapunkti. ... Og þegar ég kom út, þetta er á efstu hæð, hugsaði ég; Gerðist þetta eiginlega ... og ég trúði ekki, en svo fór ég bara að hágrenja ... og fékk svona á tilfinninguna að ég þyrfti að fá hjálp strax og byrjaði strax að reyna að hringja í [G], besta vin minn, en málið var að síminn var bara í 2%, þannig að hann var alveg að deyja, ég hringi í [G] og kærustu hans og er að reyna að vekja þau nokkrum sinnum, en það svarar enginn ... og ég reyna að hringja í [B] ... og það endar með því að ég hringi í taxa og hann kemur þarna. ... Ég þurfti að bíða aðeins ... en ég man bara að ég gat ekki setið í taxanum, þurfti svona að halda mér uppi af því að ég fann svo til, og var bara farin að hágráta í taxanum.“

Nánar aðspurð kvaðst brotápoli ætla að ákærði hefði verið meðvitaður um hvað hann hafði gert henni og þá í ljósi áðurgreinds ástands hennar. Hún áréttaði enn fremur að ekkert hefði verið í gangi, sem bent hefði til kynferðissambands

þeirra í millum og sagði: „Ég held að það fari ekkert á milli mála, ég hef alla veganna aldrei stundað kynlíf án þess að kyssa manneskjuna eða snerta hana, það er ekki þannig.“ Hún vísaði jafnframt til fyrrgreinds líkamlegs sársauka, sem hún hefði fundið fyrir þegar hún settist í leigubifreiðina og bar að tilurð hans hefði verið afleiðing lýsts kynferðisathæfis ákærða gegn hennar vilja skömmu áður; „... já bara, það er bara þurrt þegar maður er ekki tilbúin sjálfur, þannig að það var bara vont.“

Brotapoli áréttaði að athafnir ákærða hefðu verið andstæðar vilja hennar, enda hefði hún verið sofandi. Hún áréttaði enn fremur að enginn aðdragandi eða samtal hefði átt sér stað þeirra í millum sem hefði gefið honum færi á að álykta að hún væri viljug til kynlífsathafna eða að hann hefði með réttu getað misskilið eitthvað í þeirra samskiptum. Hún kvaðst þannig ekki sjálf hafa snúið sér á hliðina. Það hefði því verið ákærði sem hefði án hennar vilja snúið henni til í sófanum og undir lokin einnig fært hana yfir á magann. Þá kvað hún ákærða á meðan á athæfinu stóð í eitt skipti hafa klipið hana í brjóstið utanklæða, enda hefði hún aldrei farið úr kjólnum.

Brotapoli bar að eftir að hún var komin í leigubifreiðina hefði hún óskað eftir akstri að heimili sínu, ....í fjölbýlishúsi við ..., og ætlaði að ökuferðin hefði aðeins tekið um þrjár mínútur. Hún lýsti atvikum eftir þetta þannig: „... ég fór ekki í lyftunni upp á þriðju hæð þar sem íbúð mín er, heldur á 2. hæðina þar sem íbúð [B] er og held inni dyrabjöllunni þar til hann opnar.“ Hún kvaðst hafa farið inn í íbúð vitnisins og í framhaldi af því reynt að koma orðum að því sem gerst hafði, en vegna stöðugs gráts átt í erfiðleikum með frásögnina, en sagði: „... hann [(B)] ... áttað sig alveg á því, ... en þetta er bara nokkrum mínútum eftir að þetta gerist.“ Hún kvaðst hafa þegið vatnsglas hjá B, en sökum bágborins ástands og handarskjálfta ekki getað drukkið vatnið og því sullað niður. Hún kvað B hafa lagt að sér að fara á sjúkrahús, jafnframt því sem hann hefði reynt að róa hana. Hún kvaðst hafa ákveðið að fara að ráðum hans og bar að B hefði í framhaldi af því ekið henni á Sjúkrahúsið ....., en á þeirri leið kvaðst hún hafa átt í erfiðleikum með að sitja í bifreiðinni af fyrrgreindum ástæðum.

Brotapoli bar að á slysamóttöku sjúkrahússins hefði verið tekið vel á móti henni, hún færð afsíðis, jafnframt því sem hún hefði fengið ráðleggingar og þar á meðal um kærufarlið. Hún kvaðst vegna lýsts ástands síns hafa átt í erfiðleikum með að skýra starfsmönnum sjúkrahússins frá málavöxtum, þó svo að hún hafi á þeirri stundu haft fulla vitund um atburðarásina á heimili ákærða. Vísaði brotapolí til þess að á fyrstu mínútunum hefði hún jafnframt verið með ranghugmyndir og þá um tengsl tiltekins hjúkrunarfræðings við ákærða og vini hans, og af þeim sökum ekki viljað nafngreina þá. Hún kvaðst þó fljótlega hafa náð áttum og eftir u.þ.b. 30 mínútna viðveru óskað eftir því að foreldrum hennar yrði gert viðvart um hvernig komið var fyrir henni og bar að þeir hefðu brugðist við og fljótlega komið á vettvang.

Brotapoli kvaðst hafa skýrt fyrrnefndum vini sínum, vitninu G, frá atvikum máls að nokkru leyti þegar hann hefði hringt til hennar skömmu eftir að hún var

komin til síns heima eftir sjúkrahúsdvölinu sunnudaginn 23. október. Hún kvaðst í öðru í símasamtali þeirra, kvöldið eftir, fyrst hafa nefnt ákærða sem geranda, en á þeirri stundu kvaðst hún hafa verið að gera það upp við sig hvort hún ætti að leggja fram kæru, enda haft vitneskju um að slíkt ferli gæti orðið „*hreint helvíti*“, líkt og raunin hafi orðið. Og vegna þessara hugleiðinga kvaðst hún og hafa sent ákærða áðurrakin Facebook-skilaboð, en tilgangi sínum með því lýsti hún þannig: „... *ég bara vildi sjá hvað hann myndi segja ... og þá hvort að hann myndi segja bara já, fyrirgefðu, en ég veit það ekki.*“

Fyrir dómi staðfesti brotþoli jafnframt efni áðurrakinna Facebook-samskipta við vitnið C og bar að þau hefðu farið fram skömmu áður en hún fór til skýrslugjafar hjá lögreglu. Um tilgang sinn með nefndum samskiptum sagði hún: „... *til þess að hafa þetta á skriflegu, að ég hafi verið sofandi ... ég vildi geta sýnt fram á það.*“

Fyrir dómi staðhæfði brotþoli að athæfi ákærða gegn henni hefði haft veruleg og alvarleg áhrif á allt líf hennar, þ. á m. á heilsufar, nám og starf, en einnig á búsetu hennar. Vegna þessa alls kvaðst hún hafa þegið aðstoð sérfræðinga, þ. á m. á Sjúkrahúsinu .....

Vitnið C, fæddur árið ..., kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér í miðbæ ... ásamt félögum sínum og vinum, þ. á m. þeim besta, ákærða í máli þessu. Vitnið kvaðst fyrst hafa hitt brotþola eftir lokun skemmtistaðar í ...götunni um kl. 4:00. Bar vitnið að þau hefðu um árabil verið kunningjar og m.a. átt sameiginlega vini, auk þess sem þau hefðu á unglingsárum þekkt betur og ætlaði að þau hefðu m.a. sofið saman um 6 árum fyrr. Vitnið bar að þessa nótt hafi mál æxlast á þann veg að brotþoli hefði afráðið að slást í hópinn þegar ákveðið hefði verið að fara í eftirpartí á heimili ákærða. Vitnið sagði að hópurinn hafi þó dvalið stutt í íbúð ákærða þar sem ákveðið hafi verið að fara í annað eftirpartí. Vitnið lýsti eigin ástandi á þeirri stundu þannig: „... *ég bara meikaði það ekki og ætlaði bara að vera eftir.*“ Vitnið sagði að þegar til kom hafi brotþoli einnig ákveðið að halda kyrru fyrir í íbúðinni. Vitnið bar að eftir þetta hefðu þau tvö haldið til í íbúðinni, nánar tiltekið í stofusófa, þar sem þau hefðu legið fyrir og með „sjónvarpið örugglega í gangi.“ Vitnið kvaðst hafa verið í þeim hluta sófans, sem var nær forstofuhurðinni, en brotþoli verið við hlið hans. Vitnið sagði að við greindar aðstæður hefðu þau bæði reykt kannabisefni, sem verið hafi á vettvangi. Aðspurt um vímuástand brotþola á þessari stundu sagði vitnið: „*Hún var full sko.*“ Vitnið kvaðst sjálft hafa fundið til þreytu og sagði: „... *ég var alltaf bara svona in and out eitthvað alla veganna.*“ Vitnið kvaðst þannig hafa sofnað af og til við hlið brotþola í sófanum, en um ástand hennar að því leyti treysti það sér ekki til að fullyrða um enda ekki fylgst vel með gjörðum hennar. Um nánari atvik, samskipti og aðstæður hafði vitnið svofelld orð: „... *síðan bara ..., alla veganna, ... var mér farið líða svolítið svona óþægilega, hún er svona, eins og hún sé svona ... eitthvað að byrja að reyna við mig eða eitthvað svona ... og ég er náttúrulega á föstu, þannig að ég bara heyri í (ákærða) og segi „gaur komdu, ég meika þetta ekki ...“*“ Nánar aðspurt hvort það

hafi litið svo á að brotapolí hefði á greindri stundu haft vilja til þess að hafa kynmök svaraði vitnið þannig: „*já, alveg eins ... æi ég veit það ekki, hún bara lá þarna svona eitthvað utan í mér ... og var kannski eitthvað að strjúka á mér hendurnar og eitthvað svona, eitthvað þannig sko.*“ Vitnið kvaðst vegna þessa alls hafa séð ástæðu til að minna brotapolá á að það „*væri á föstu*“ og ætlaði að eftir það hefði hún hætt nefndu athæfi.

Vitnið greindi frá því að ákærði hefði hlýtt boði þess um að koma aftur í íbúðina og ætlaði helst að er það gerðist hefði það og brotapolí bæði verið vakandi, en að þá hefði einungis verið birta frá sjónvarpinu. Aðspurt treyst vitnið sér ekki til að segja til um ölvunarástand ákærða, en ætlað helst að hann hefði verið „*fullur.*“

Vitnið greindi frá því að eftir komu ákærða í íbúðina hefði hann komið sér fyrir í stofusófanum við hlið brotapolá, en um það sem gerðist milli þeirra þriggja eftir þetta hafði það uppi svofelld orð: „*... sennilega ekkert að gerast sko, bara eitthvað tónlist ... og sennilega eitthvað spjall, en ég er ekki klár á þessu, en mér þykir það bara líklegast sko.*“ Ítrekað aðspurt kvaðst vitnið ekki minnast þess að hafa átt í eiginlegum samræðum við ákærða eða brotapolá eftir heimkomu þess fyrrnefnda. Vitnið kvaðst í raun ekki minnast þess að brotapolí hafi yfirleitt lagt orð í belg. Þá kvaðst vitnið ekki hafa veitt því eftirtekt hvort hún hafi verið að nota eigin síma eða verið að reyna að hringja.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa veitt því sérstaka eftirtekt að kynferðisleg spenná hefði verið á milli ákærða og brotapolá og þ. á m. ekki eftir að ákærði kom í íbúðina eftir veru í fyrrgreindu seinna eftirpartii, og þá ekki heldur eftir að hann lagðist við hlið hennar í sófanum. Nánar spurt kvaðst vitnið heldur aldrei hafa heyrt ákærða hafa orð á því að hann hefði áhuga á brotapolá eða væri hrifinn af henni, hvorki fyrir greind samskipti né umrædda nótt. Loks kvaðst vitnið ekki hafa heyrt brotapolá viðhafa slík orð um ákærða.

Fyrir dómi kvaðst vitnið helst ætla að það hafi haldið kyrru fyrir í stofusófanum í um það bil 40 mínútur, og taldi öruggt að það hefði sofnað þar um stund, en alltaf vaknað upp öðru hvoru. Vitnið kvaðst að lokum og eftir að ákærði var kominn á heimilið hafa afráðið að halda til síns heima. Um ástæðu þeirrar ákvörðunar áréttaði vitnið fyrrgreind orð sín um að það hefði fundið til óþæginda í návist brotapolá fyrir komu ákærða í íbúðina. Vitnið kvaðst vegna þessa hafa hringt á leigubifreið, en minntist þess ekki hvort það hefði boðið brotapolá far í bifreiðinni eða hvort það hefði yfirleitt innt hana eftir því hvort hún ætlaði að vera áfram í íbúðinni eða ekki. Vitnið ætlaði helst að slík orðræða hefði aldrei átt sér stað.

Vitnið skýrði frá því að þegar það fór úr íbúðinni hefðu ákærði og brotapolí legið fyrir í stofusófanum, en treysti sér ekki til að segja til um hvort brotapolí hefði á þeirri stundu verið sofandi eða vakandi. Nánar aðspurt og eftir að hafa verið kynnt efni þeirrar skýrslu sem það hafði gefið við lögreglurannsókn málsins staðhæfði vitnið að þar væri rétt frá greint. Þannig kvað vitnið það rétt að það hefði verið hálfsofandi í sófanum þegar það hefði afráðið að rísa á fætur og fara til síns heima, en að á þeirri stundu hefði svo einnig verið ástatt með ákærða og brotapolá.

Fyrir dómi staðfesti vitnið að það hefði átt í Facebook-samskiptum við brotþola og bar að það hefði gerst fáeinum dögum eftir greindan atburð. Vitnið bar að í þessum samskiptum hefði brotþoli m.a. haft uppi fyrirspurn um hvort hún hefði verið sofandi þegar það fór út úr íbúð ákærða umræddan morgun. Vitnið lýsti upphafi samskiptanna nánar þannig: „*Og ég man það vel, ég var bara að spila tölvuleiki með félögum mínum, ég alt-tapaði bara, ég man ekki nákvæmlega hvað ég sagði, en ég bara skrifaði; „já örugglega“.*“ Fyrir dómi var vitninu kynnt efni netsamskiptanna, sem það staðfesti, en bar að það gæti í raun ekki fullyrt um raunverulegt svefnástand brotþola og þ. á m. ekki hvort hún hefði verið í fastasvefni. Vísaði vitnið til þess að það hefði svarað brotþola í fljótheitum, en þó fljótlega farið að velta fyrirspurninni betur fyrir sér og þá afráðið að senda henni þær spurningar sem á eftir fóru í netsamskiptum þeirra, en að auki með því að hringja til hennar. Vitnið kvaðst hafa haft í huga að ef til vill hefði eitthvað miður gerst, en aðeins fengið ónákvæmar upplýsingar frá brotþola. Vitnið kvaðst enn fremur hafa ályktað þetta vegna orða hennar um sjúkrahúsferð og um mögulega kæru. Vitnið bar að eftir þessi samskipti hefði það rætt við ákærða, og bar að vinskapur þeirra hefði haldist óbreyttur allt til þessa dags.

Vitnið B, fæddur árið ..., kvaðst hafa kynnst brotþola á árinu 2014 og bar að þau hefðu m.a. verið samstúdentar, en að auki verið með íbúð í sama fjölbýlishúsinu. Vegna þessa hefði þróast með þeim vinskapur.

Vitnið skýrði frá því að laugardagskvöldið 22. október 2016 hefði brotþoli knúið dyra á íbúð hans, en í framhaldi af því kvaðst það hafa ekið henni ásamt vinkonu hennar í miðbæ ... . Vitnið bar að er þetta gerðist hefði brotþoli verið undir áhrifum áfengis, en í góðu ástandi að öðru leyti. Vitnið kvaðst hafa boðist til að sækja þær vinkonurnar síðar um nóttina og bar að það hefði gengið eftir að nokkru. Vitnið kvaðst þannig hafa ekið að skemmtistað við ...götu, en þá aðeins hitt nefnda vinkonu, sem hefði greint frá því að brotþoli hefði afráðið að vera aðeins lengur úti á lífinu. Vegna þessa kvaðst vitnið aðeins hafa ekið vinkonunni til síns heima, en síðan farið á eigið heimili, í fjölbýlishúsið við ... .

Vitnið kvaðst hafa vaknað þá um morguninn um klukkan 09:00 við það að bankað var á útidyrhurð íbúðar hans og bar að þar hefði brotþoli verið á ferð. Vitnið kvaðst reyndar hafa veitt því eftirtekt að brotþoli hafði eitt skipti reynt að hringja fyrr um morguninn, klukkan 7:07, en það kvaðst þá ekki hafa vaknað. Vitnið bar að umræddan morgun hefði brotþoli verið miður sín og sagði: „... og mér fannst þegar ég opnaði hurðina að ég gæti lagt saman tvo og tvo, hún var hágrátandi og var bara einhvern veginn algjörlega í rusli.“ Vitnið kvaðst áður hafa séð brotþola í uppnámi en aldrei í því líku ástandi og þarna var. Vegna þessa kvaðst það strax hafa boðið brotþola inn, en í framhaldi af því heyrt óljósa frásögn hennar um atvik máls. Vitnið bar að brotþoli hefði átt í erfiðleikum með að skýra frá atburðarásinni þar sem hún hefði verið með djúp ekkasög. Vitnið sagði að brotþoli hefði greint frá því að hún hafi legið fyrir þegar ætlaður gerandi hefði lagst ofan á hana og að hún þá ekki getað hreyft sig, en jafnframt hefði hún haft á

orði að gerandinn hefði ekki hætt þrátt fyrir beiðni hennar þar um. Vitnið kvaðst að auki hafa heyrt brotþola nefna það að hún hefði meitt sig vegna athæfis gerandans. Vitnið kvaðst hafa boðið brotþola að setjast, en bar að hún hefði hafnað því. Vegna þessa alls kvaðst vitnið hafa boðist til að aka brotþola á sjúkrahús og bar að eftir smáumhugsun hefði hún þegið aðstoðina. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á brotþola nefndan morgun, en veitt því eftirtekt að hún átti í erfiðleikum með að sitja í bifreið þess á leið þeirra á sjúkrahúsið.

Vitnið G, fæddur árið ..., kvaðst hafa þekkt brotþola allt frá barnæsku og bar að þau hefðu um árabíl verið mjög nánir trúnaðarvinir. Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt, að brotþoli hafði aðfaranótt eða að morgni sunnudagsins 23. október 2016 margsinnis hringt í síma þess. Vitnið bar að símhringingar hefðu hafist á tímabilinu frá 5:30-6:00, en eftir það hefði það séð að brotþoli hafði hringt stanslaust í um klukkustund. Því til viðbótar hefði hún hringt í síma kærustu þess nokkuð oft. Vitnið kvaðst ekki hafa svarað símhringingunum þar sem það hefði verið sofandi. Þar sem þetta hafi verið óvanalegt hefði það hringt í síma brotþola um kl. 11:00 nefndan dag, en í framhaldi af því heyrt frásögn hennar um kynferðisbrot, en án þess þó að hún nefndi nafn ætlaðs geranda. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið í miklu uppnámi í símtalinu og átt í erfiðleikum með að skýra frá atvikum máls. Vitnið lýsti ástandi hennar nánar þannig: *„Hún var bara algjörlega í sjokki og hrædd.“* Vitnið kvaðst hafa rætt frekar við brotþola daginn eftir og þá heyrt nákvæmari frásögn um atvik máls, en einnig að ákærði væri ætlaður gerandi. Vitnið bar að frásögn brotþola hefði verið á þá leið að hún hefði verið á milli svefnis og vöku er ákærði hefði farið að kyssa hana og *„vasast í henni, en svo hágrét hún bara þegar hún er að segja mér þetta og hún sagði að hann var með hendurnar einhvers staðar þar sem þær áttu ekki að vera, þarna niðri á kynfærasvæðinu. ... Hún sagði að hún hefði beðið hann um að hætta ... og hún sagðist hafa hoppað upp og hlaupið út ... og þá byrjar hún að hringja í mig alveg á fullu, en náði ekki á mér og hringdi þá í [B].“* Vitnið bar að brotþoli hefði haft á orði að tilefni símhringinga hefði verið; *„að fá mig til þess að koma henni burtu úr þessum aðstæðum, hún ætlaði að fá mig til þess að ná í sig.“*

V rannsóknarlögreglumaður staðfesti fyrir dómi áðurrakin gögn um rannsókn málsins og þ. á m. að hann hafi fyrst hitt brotþola er hún hefði komið á lögreglustöðina til þess að leita eftir upplýsingum um kærufarlið. Vitnið bar að brotþoli hefði lagt fram kæru daginn eftir og þá jafnframt gefið formlega skýrslu. Í framhaldi af því kvaðst vitnið hafa stjórnað rannsókn málsins, þ. á m. annast skoðun og ljósmyndun á ætluðum brotavettvangi. Vitnið staðfesti athugun á símagögnum og þar á meðal, líkt og fram kom í skýrslu brotþola við lögreglurannsókn að hún hefði hringt í leigubifreið eftir að hún fór úr íbúð ákærða, að klukkan hafi þá verið 8:26.

D, forstöðulæknir fæðinga- og kvenlækninga Sjúkrahússins ....., kvaðst hafa skoðað brotþola að morgni sunnudagsins 23. október 2016. Vitnið staðfesti efni áðurrakinna sérfræðigagna, þ. á m. að brotþoli hefði við komu verið í uppnámi og verið með „grátköst og annað slíkt ... og henni leið mjög illa ...“ Vitnið sagði að hinn sýnilegi áverki á kynfærum brotþola, þ.e. roði í leggangaopi, hefði verið í samræmi við frásögn hennar áður en skoðunin fór fram og þá þannig að samræði hefði átt sér stað; „... en það er ekki alltaf svo, en maður myndi ætla sem svo, að við harkalegt samræði þá geti séð, sérstaklega hjá konu, sem ekki hefur fætt barn, þá geti séð einmitt, nákvæmlega á þessum stað.“ „Ég er ekki góður að meta slíkt, en þessi roði var til staðar og út frá minni þekkingu á þessum líkamspörtum þá er þetta ekki sem ég held að sést við venjulegar samfarir þar sem nógur vökvi er til þess að smyrja leggangaopið.“ Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um hvort nefndur áverki hefði verið eldri en frásögn brotþola gaf til kynna, og þá með hliðsjón af því að hún hefði haft samfarir með unnusta sínum á laugardagsmorgninum og föstudagskvöldið. Nánar sagði vitnið um síðastgreinda atriðið: „Það eru bara merki sem gætu verið, sem samrýmast nýlegum samförum, en ég get ekki sagt til um hversu langt ... en mér finnst ekkert ólíklegt að kona finni fyrir því.“

E sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti og skýrði áðurrakið sálfræðivottorð um brotþola.

F sálfræðingur kom einnig fyrir dóminn og staðfesti og skýrði áðurrakið vottorð um ákærða.

Loks kom fyrir dóminn faðir ákærða, en ekki þykir ástæða til að rekja framburð hans.

### III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákærða gefin að sök nauðgun, með því að hafa að morgni sunnudagsins 23. október 2016 haft samræði og önnur kynferðismök við brotþolann A, sem var gestur á heimili hans, að ..., gegn hennar vilja, með því að stinga fingrum í leggöng hennar og hafa við hana samræði, þar sem hún lá sofandi í sófa og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndruna og ölvunar.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007, en þar segir: *Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. (1 til 16 ár) að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.*

Ákærði neitar refsiverðri sök og staðhæfir að hin kynferðislega háttsemi sem hann viðhafði í greint sinn hafi verið með samþykki og vilja brotþola, þ. á m. er hann setti fingur í leggöng og hafði við hana samfarir.

Hér að framan hefur m.a. verið rakin frásögn ákærða og brotaþola og verður lagt til grundvallar að þau hafi bæði verið undir áhrifum áfengis er atvik gerðust eftir m.a. næturlanga skemmtan. Fyrir liggur að kunningskapur hafði verið með þeim um árabíl, en samkvæmt skýrslum fyrir dómi áttu þau þó aðeins í takmörkuðum samskiptum umrædda nótt, fyrst fyrir utan skemmtistað í miðbæ ... nokkru eftir klukkan 4:00, í leigubifreið, sem ók þeim ásamt sameiginlegum vini, vitninu C, og síðan í næturhófi á heimili ákærða. Frásagnir ákærða og brotaþola eru og samhljóða um að nokkur misseri hafi verið liðin frá því að þau höfðu síðast samskipti.

Óumdeilt er að ákærði dvaldi tiltölulega skamman tíma í næturhófinu á heimili sínu áður en hann hvarf á braut, laust eftir klukkan 5:00, ásamt flestum gesta sinna og að eftir það hafi C og brotaþoli hafst ein við í íbúð ákærða í riflega klukkustund. Ráðið verður af gögnum að C, sem er trúnaðarvinur ákærða, hafi er þetta gerðist verið undir vímuáhrifum, en að áliti dómsins ber frásögn hans um atvik máls nokkur merki þessa ástands hans.

Ágreiningslaust er að þegar ákærði kom á ný í íbúð sína, um klukkan 6:30, hafi brotaþoli og C legið fullklædd hlið við hlið í útdregnum þriggja sæta sófa í stofuhlutanum. Samkvæmt frásögn þeirra síðarnefndu var þá takmörkuð birta frá sjónvarpsskjá í hýbýlunum. Einnig er ágreiningslaust að ákærði hafi nær strax komið sér fyrir í sófanum, við hlið brotaþola. Af ljósmyndum af vettvangi sést að sethlutar sófans eru í þremur aðskildum hlutum og að við bakhlutann eru einnig þrír aðskildir púðar, en þetta er í samræmi við skýrslu brotaþola fyrir dómi.

Samkvæmt trúverðugum vitnisburði brotaþola, en einnig C, höfðu þau sofíð um hríð í nefndum sófa áður en ákærði kom í íbúðina, en að auki neytt saman lítilræðis af kannabis, sem hafði verið á glámbekk á heimilinu. Samkvæmt frásögn ákærða hafði vitnið C í símtali þeirra fengið leyfi hans til að neyta efnisins. Í þessu viðfangi er til þess að líta að vitnið staðhæfði að í nefndu símtali hefði það farið þess á leit við ákærða að hann kæmi sem fyrst aftur í íbúðina þar sem það væri eitt með brotaþola og fyndi fyrir ööryggi í návist hennar. Ákærði vék ekki að þessu atriði í skýrslu sinni, en upplýst er að þegar atvik máls þessa gerðust var C í sambúð og átti ungt barn.

Samkvæmt frásögn brotaþola höfðu hún og C rætt um það áður en ákærði kom í íbúðina að þau þyrftu bæði að fara að halda til heimila sinna. Að mati dómsins hefur þessi frásögn brotaþola nokkra stoð í vætti vitnanna B og G, en báðir hafa staðfest að hún hafi hringt í síma þeirra umræddan morgun, þ. á m. klukkan 7:07. Þá verður ekki fram hjá því horft að ákærði hefur borið að brotaþoli hafi verið með síma á lofti eftir að hann kom á ný í íbúð sína nefndan morgun og að hann hafi af þeim sökum boðið henni gistingu í svefnherbergi sínu.

Brotaþoli hefur greint frá því að sólarhringana fyrir lýsta atburðarás hafi hún sinnt verkefnum sínum og starfi. Frásögn hennar að þessu leyti hefur nokkra stoð í gögnum og skýrslum málsins og verður lagt til grundvallar að hún hafi sinnt hlutastarfi í næturvinnu aðfaranótt föstudagsins, djammað og neytt áfengis á

sérstakri skemmtun aðfaranótt laugardagsins, ásamt vini sem hún var þá að hitta og svaf síðar á heimili hennar þá um nóttinna. Brotþoli hefur jafnframt greint frá því að vegna alls þessa hafi hún vaknað um hádegisbilið á laugardeginum, en skemmt sér áfram þá um kvöldið, fyrst á heimili sínu ásamt vinkonu, en síðan á skemmtistöðum í miðbænum allt til klukkan 4:00, en þá jafnframt neytt áfengra drykkja. Af gögnum, þ. á m. vætti vitnisins B, verður ráðið að brotþoli hafi verið í miðbænum um klukkan 4:17 og verður að ætla að það hafi verið um það leyti sem hún var fyrst í samskiptum við nefnda vini og kunningja, vitnið C og ákærða.

Samkvæmt frásögn brotþola hætti hún allri áfengisneyslu eftir að hún hvarf af nafngreindum skemmtistað í miðbænum um klukkan 4:00 umrædda nótt. Hún hefur og staðhæft að hún hafi ekki neytt annarra vímuefna eftir það, utan þess kannabisefnis, sem hún reykti með vitninu C í íbúð ákærða eftir að þau voru orðin þar ein eftir. Ráðið verður af gögnum að er það gerðist hafi verið farið að halla að morgni.

Brotþoli hefur lýst áhrifum kannabisneyslunnar m.a. á þann veg að hún hafi sljóvgast.

Að virtum rannsóknargögnum og þá ekki síst áðurrakinni matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands verður lagt til grundvallar að brotþoli hafi auk nefnds ástands verið undir talsverðum áfengisáhrifum þegar atburðir máls þessa gerðust.

Af frásögn brotþola og C verður ráðið að þau hafi bæði verið vakandi eða vaknað upp um sama leyti og ákærði kom á heimili sitt nefndan morgun. Og eins og fyrr sagði kom hann sér nær strax fyrir í stofusófanum. Hefur ekki annað komið fram en að þau þrjú hafi eftir það haldið kyrru fyrir í sófanum um stund, en þá jafnframt átt í takmörkuðum orðaskiptum. Ákærði og brotþoli eru sammála um að orðræðan hafi m.a. sprottið af símhringingum hennar, en lagt verður til grundvallar, sbr. frásögn vitnisins G, að ætlan brotþola á þeirri stundu hafi verið að fá hann, unnustu hans ellegar vitnið B til þess að ná í sig á bifreið. Liggur fyrir að af þessum erindisrekstri varð ekki þar sem vitnið heyrði ekki hringingarnar og þá ekki heldur vitnið B, en samkvæmt gögnum lögreglu hringdi brotþoli í síma hans klukkan 7:07. Af gögnum verður ráðið að um líkt leyti hafi ákærði boðið brotþola fyrrnefnda gistingu. Þar um hefur ákærði vísað til þess að það hafi verið ætlan hans að horfa á sjónvarp, líkt og jafnan hafi verið vani hans eftir áfengisdrykkju. Óumdeilt er að brotþoli hafnaði boðinu, en hélt kyrru fyrir í stofusófanum. Fyrir dómi hefur brotþoli borið að þegar greind atvik gerðust hafi ekki verið um eiginlegar samræður að ræða, a.m.k. ekki af hennar hálfu vegna þess svefndruna sem hrjáði hana.

Samhljómur er í frásögn ákærða og brotþola um að þau hafi nefnda nótt ekki sýnt hvort öðru bliðuhót. Þá hefur brotþoli borið um að slíkt hafi aldrei staðið til af hennar hálfu. Að áliti dómsins styður frásögn vitnisins C framburð hennar að þessu leyti, en einnig þá frásögn hennar að hún hafi verið sofandi eða a.m.k. á milli svefnis og vöku þegar það afréð að halda til síns heima, og reis upp úr sófanum og fór í framhaldi af því út úr íbúðinni.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist þeirra í millum eftir brottför vitnisins C úr íbúðinni. Stendur þar staðhæfing gegn staðhæfingu, þ. á m. varðandi samræður og samskipti og um það hvort brotþoli hafi eftir fyrstu blíðuhót ákærða viðhaft jákvæð kynræn viðbrögð. Á hinn bóginn liggur fyrir framburður vitnanna B, sem brotþoli vakti fáum mínútum eftir að hún yfirgaf íbúðina, og D, sem hitti brotþola, ræddi við hana og annaðist læknisskoðun hennar um klukkan níu um morguninn. Báðir bera þeir skýrt um ástand brotþola, eins og hún blasti við þeim, og síðarnefnda vitnið bar einnig um niðurstöður skoðunarinnar.

Af vitnisburði beggja verður ráðið að brotþoli hafi verið í miklu áfalli. Vitnið D ber auk þess um lítilsháttar áverka sem kom í ljós við skoðun, roða við leggangaop að aftan, og sagði um hann: „[Þ]essi roði var til staðar og út frá minni þekkingu [...] þá er þetta ekki það sem ég held að sést við venjulegar samfarir þar sem nógur vökvi er til þess að smyrja leggangaopið.“ Taldi D roðann geta samrýmst þeirri frásögn brotþola að hún hafi átt erfitt með setu, vegna verkja. Framburður beggja vitna veitir því mikla stoð að brotþoli hafi yfirgefið íbúð ákærða í mikilli geðshræringu. Við mat á vitnisburði þeirra skiptir hér sérstöku máli annars vegar að vitnið B, sem þekkir brotþola vel, hitti hana aðeins örfáum mínútum eftir að hún fór úr íbúðinni, og hins vegar að D, sem hefur langa reynslu á þessu sviði, annaðist skoðunina svo skömmu eftir atvikið. Þykir óhætt að leggja til grundvallar að brotþoli hafi yfirgefið íbúð ákærða í mikilli geðshræringu og áfalli sem hafi enst henni að minnsta kosti fram í læknisskoðunina. Er óhjákvæmilegt að horfa til þessa við mat á því sem gerst hafi í íbúðinni.

Ákærði og brotþoli eru sammála um að brotþoli hafi yfirgefið íbúðina orðalaust, þannig að hvorugt kvaddi hitt.

Þegar á framanritað er horft, í samhengi við lýsingu brotþola á atburðum, þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að þegar brotþoli yfirgaf íbúð ákærða um morguninn hafi hún litið svo á að þar hafi hann, fáum mínútum áður, nauðgað henni. Það eitt og sér sannar ekki að ákærði hafi haft ásetning til slíks verknaðar en skiptir hins vegar máli við mat á því hvað raunverulega hafi farið fram í íbúðinni og hvern þátt brotþoli hafi tekið í því.

Ákærði lýsir því að brotþoli hafi verið vakandi og þau tvö að tala saman þegar mök þeirra hafi hafist. Á meðan á mökunum hafi staðið hafi hún ekki sagt neitt en hins vegar stunið. Hún hafi, á meðan á mökunum hafi staðið, sjálf farið á fjóra fætur. Brotþoli segir mjög ólíka sögu að þessu leyti. Hún segist hafa vaknað við að ákærði hafi verið kominn með hönd „inn á“ hana, hún hafi þá spurt hann hvað hann væri að gera en hann ekki svarað heldur farið með fingur í leggöng hennar. Hann hafi svo hreyft hana til, þar á meðal snúið henni og lyft upp. Hún segist hafa sagt honum að hætta, bæði í upphafi og síðan undir lokin en síðara skiptið hafi verið þegar hann hafi ætlað „í rassinn“ á henni. Hann hafi þá hætt við það.

Það sem rakið hefur verið um framburð vitnanna B og D og það sem sannað er um geðshræringu og uppnám brotþola, örskömmu eftir að hún yfirgaf íbúð brotþola, kemur mun betur heim og saman við lýsingu brotþola á atvikum en lýsingu ákærða. Brotþoli hefur verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni og er framburður hennar trúverðugur. Þykir óhætt að leggja hann til grundvallar. Verður þannig að miða við að ákærði hafi hafið mök við brotþola án þess að hún hafi á nokkurn hátt gefið honum til kynna að hún væri slíku samþykk. Þá verður ekki

byggt á því að nokkur samdráttur hafi verið með þeim fyrr um kvöldið eða áður. Akærði hóf mökin, örskömmu eftir að brotaþoli vaknaði við þreifingar hans, ölvuð og undir einhverjum sljóvgandi kannabisáhrifum. Það ástand og það hugarástand, sem ætla verður að hún hafi komist í við þessar aðstæður, hafi svo valdið því að hún spornaði ekki frekar við kynmökunum en með þeim orðum sem hún ber að hún hafi viðhaft. Verður að ætla að ákærða hafi verið þessi aðstaða ljós og að ekkert tilefni væri til að ætla að brotaþoli væri samþykkt mökunum. Það aftraði honum þó ekki og verður að telja að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

Erlingur Sigtryggsson greiðir eftirfarandi atkvæði:

Samkvæmt 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er það nauðgun að notfæra sér það að þannig er ástatt um mann að hann getur ekki spornað við verknaði til að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Af 18. gr. laganna leiðir að ásetningur þarf að standa til að notfæra sér slíkt ástand og verður ekki refsað fyrir gáleysisverknað.

Brotaþoli kveðst hafa vaknað er ákærði kom heim og kastaði kveðju á hana og vin sinn. Hún kveðst aftur hafa vaknað er ákærði fór með hönd inn fyrir föt hennar. Var hún með fullri rænu eftir það meðan ákærði hafði mök við hana, en gat samt sem áður ekki spornað við því. Ákærði segir að hún hafi verið vakandi allan tímann. Verður að miða við að hann hafi vitað af því að hún væri vakandi frá því marki sem hún lýsir sjálf. Hann byrjaði samkvæmt þessu ekki kynferðismök fyrr en eftir að brotaþoli vaknaði.

Brotaþoli var þreytt og eitthvað ölvuð. Það verður þó ekki lagt til grundvallar að það hafi verið vegna þreytu og ölvunar að hún gat ekki spornað gegn verknaðinum, heldur hafi það verið vegna hugarástands sem hún komst í þegar hún fann að ákærði leitaði á hana. Í ákæru er ákærði aðeins borinn sökum um að hafa sér notfært sér ölvun og svefndruna brotaþola. Þótt hún hafi verið vakandi og ekki svo ölvuð að henni hafi þess vegna verið fært að sporna við verknaðinum er rétt að taka einnig fram að varhugavert er að telja sannað gegn neitun ákærða að honum hafi verið hugarástand hennar ljóst og þar með það að samræðið væri gegn vilja hennar, þótt hún tæki ekki virkan þátt í því. Verður að líta til þess að brotaþoli kveðst hafa sagt „nei“ þegar henni fannst ákærði ætla að hafa samfarir í endaparm og segir að hann hafi þá þegar hætt við það. Má álykta af því að hann hafi þá brugðist við er honum varð ljóst að henni væri eitthvað á móti skapi.

Vegna þess að ásetningur ákærða hefur samkvæmt þessu ekki verið sannaður svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins og vísa einkaréttarkröfu frá dómi.

#### IV.

Ákærði, sem er ... ára, hefur samkvæmt sakavottorði ekki brotið af sér áður.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot. Með hliðsjón af eðli brotsins og alvarleika ber við ákvörðun refsingar m.a. að líta til 1. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa, dagsett 23. nóvember 2016, sem getið er í ákæru og var hún reifuð og rökstudd við munnlegan málflutning af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotþola, Auðar H. Freysdóttur hdl. Var m.a. vísað til áðurrakinna sérfræðigagna og krafist miskabóta samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Krafan var sannanlega birt ákærða eigi síðar en 28. nóvember nefnt ár.

Ákærði hefur bakað sér bótaskyldu samkvæmt greindu ákvæði gagnvart brotþola. Við ákvörðun bóta verður m.a. litið til þess að fyrir liggur staðfest vottorð sálfræðings um alvarlegar afleiðingar brots ákærða. Ákveðast miskabætur að þessu virtu til brotþola 1.500.000 krónur, með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta er ákveðinn samkvæmt reglu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Ákæruvaldið hefur í málinu gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar málsins, sem samkvæmt sundurliðuðu sakarkostnaðaryfirliti og upplýsingum sækjanda nemur alls 284.558 krónum. Ber að fallast á kröfuna, en að frátöldum lið vegna endurritunar að fjárhæð 52.080 krónur.

Að auki er um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða og þóknun skipaðra réttargæslumanna brotþola, sbr. ákvæði 218. gr. laga nr. 88/2008. Verður við ákvörðun launanna m.a. litið til umfangs málsins og starfa hinna skipuðu lögmanna við alla meðferð þess, allt að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar segir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvalds flutti málið Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarnir Ólafur Ólafsson sem dómsformaður, Erlingur Sigtryggsson og Þorsteinn Davíðsson.

### **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 1.500.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 23. október 2016 til 28. desember sama ár, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1.746.518 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ágeirs Arnar Blöndal hdl., 900.240 krónur, auk réttargæslulauna Auðar H. Freysdóttur hdl., 613.800 krónur.